

FUNDARGERÐ

136. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 14. desember 2006 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt Margréti Birgisdóttur sem mætir í stað Ingerar Schiöth.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.
Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn.

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna og Salome Þóra Valdimarsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Fjárhagsáætlun 2007.

Skv. áætluninni er gert ráð fyrir einni stöðu deildarstjóra við leikskólann frá 1. júní og að leikskólagjöld hækki sem nemur hækkun vísitölu eða um 7%. Leikskólagjöld standa undir um 25% rekstrarkostnaðar. Gert er ráð fyrir að nettó rekstrarkostnaður skólans verði um 18,5 millj. kr, þar af launakostnaður um 16 millj. kr.

Aðalheiður óskar eftir að heimild fyrir stöðu deildarstjóra verði veitt frá 1. janúar 2007 en það hækkar launaliðinn um 0,2 millj. kr.

Nefndin samþykkir tillögu Aðalheiðar. Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum.

2. Önnur mál.

a) Aðalheiður minnir á að lagfæra þurfi hlaðna vegginn á lóð leikskólans og lagfæra þurfi fallundirlag.

b) Aðalheiður gerir grein fyrir starfsmannahaldi.

Aðalheiður, Hjördís og Salome yfirgefa fundinn.

II. Tónskólinn.

Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri boðar forföll vegna jólatónleika tónskólans sem fara fram í kvöld.

1. Fjárhagsáætlun 2007.

Gert er ráð fyrir 1,5 stöðu við tónskólann og að tónskólagjöld hækki um 10%. Gert er ráð fyrir að nettó rekstrarkostnaður skólans verði um 8,4 millj. kr. þar af launakostnaður um 7,6 millj. kr. Tónskólagjöld standa undir um 10% rekstrarkostnaðar.

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi áætlun.

III. Grunnskólinn.

Á fundinn eru mættar Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Victoria Jonsson fulltrúi kennara.

1. Fjárhagsáætlun 2007.

Gert er ráð fyrir að skólaárið 2007-2008 fái grunnskólinn 189 kennslustundir á viku til almennrar kennslu auk 40 stunda til stuðnings- og sérkennslu eða alls 229 kennslustundir í stað 274 á yfirstandandi skólaári. Gert er ráð fyrir aukinni

samkenndu bekkja en stuðnings- og sérkenndu aukin um 33%. Yfirvinna verði takmörkuð við 180 stundir á ári og forfallakennsla við 180 stundir á ári. Úthlutaðar stundir til félagsstarfs verði 90 á ári. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði um 85,5 millj. kr. þar af launakostnaður um 57,6 millj. kr.

Kolbrún lýsir yfir áhyggjum yfir fyrirhuguðum niðurskurði á kennslutímum og afhendir fundargerð fundar kennararáðs grunnskólans frá 11. desember en þar kemur m.a. fram að kennararáð telji að ekki sé hægt að ganga lengra í að auka samkenndu og það yrði til að slaka á gæðum þess skólustarfs sem starfrækt er. Björgvín gerir grein fyrir samtölum sem hann hefur átt við stjórnendur skóla sem góða reynslu hafa af samkenndu. Minnt er á að áform um fækkun úthlutaðra kennslustunda gilda fyrir næsta skólaár en ekki yfirstandandi. Kolbrún lýsir því yfir að hún telji ekki gerlegt að uppfylla áform sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi áætlun.

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun með þremur atkvæðum (BJ, GS, BM) gegn tveimur (AE, BÄ).

2. Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 10. nóvember 2006.

Með bréfinu er kynnt tillaga nefndar menntamálaráðherra um aðgerðir til að fjölga nemendum í raunvísindum og raungreinum. Lagt er til allir grunnskólar verði hvattir til að gera formlegt mat á stöðu sinni í kenndu náttúruvísinda fyrir árslok 2006.

Lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál.

a) Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 5. desember 2006 þar sem vakin er athygli á breytingum reglugerð nr. 415/200 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla.

Lagt fram til kynningar.

b) Kolbrún býður skólanefnd í heimsókn í grunnskólann

Kolbrún og Victoria yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:30

Margrét Birgisdóttir

Björgvín Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri

Andrína Erlingsdóttir